

## 7. gr.

Þegar skipulagsnefnd hefur gengið frá tillögu um skipulag svæðisins, eða þann hluta þess, sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar að svo stöddu sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til hlutaðeigandi sveitarstjórna. Að fenginni samþykkt sveitarstjórna sendist tillaga til skipulagsstjórnar og fer um frekari meðferð hennar samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

## 8. gr.

Kostnaður milli sveitarfélaga miðast að hálfu við íbúafjölda og að hálfu við flatarmál hvers sveitarfélags. Skipulag ríkisins leggur jafnmikið að mörkum til verksins og umrædd sveitarfélög.

## 9. gr.

Stefnt skal að því, að nefndin ljúki störfum fyrir árslok 1979. Ef nefndin óskar og gildar ástæður þykja til, getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar, þó ekki lengur en í 6 mánuði í senn.

Reglur þessar, sem settar eru samkv. 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. febrúar 1978.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um Unglingaheimili ríkisins.

## 1. gr.

Unglingaheimilin eru upptöku- og vistheimili ætluð unglungum á aldrinum 12—15 ára (að báðum aldursflokkum meðtöldum), sem yfirvöld þurfa að hafa afskipti af vegna hegðunarvandkvæða. Heimilt er þó að víkja frá þessum aldursmörkum, ef ástæða þykir til.

## 2. gr.

Heimilin skulu veita unglungum, sem þar eru vistaðir, viðeigandi aðbúnað, rannsókn, uppeldi, fræðslu og félagslega aðstoð.

## 3. gr.

Í aðalstjórn unglungaheimila ríkisins eru þrír menn skipaðir af menntamálaráðherra. Skal einn þeirra tilnefndur af barnaverndarráði Íslands, annar af félagsmálaráði Reykjavíkur, en menntamálaráðherra skipar hinn þriðja án tilnefningar og er hann formaður stjórnarinnar.

Í þeim tilvikum þar sem unglungaheimili eru starfandi utan Reykjavíkursvæðisins skal menntamálaráðherra auk þess skipa tvo stjórnarmenn tilnefnda af sýslunefnd og sveitarstjórn til umfjöllunar um sérmálefni viðkomandi heimilis. Skulu þeir hafa reglulega umsjón með umönnun vistmanna og starfrækslu heimilisins.

Aðalstjórn kemur saman minnst einu sinni í mánuði. Öll stjórnin heldur fundi eigi sjaldnar en þrisvar á ári, þar af einn fund í Reykjavík. Gerðir stjórnarfunda skulu færðar til bókar.

Aðalstjórn ber ábyrgð á framkvæmd 2. gr., gerir tillögur til ráðherra um fjölda starfsmanna og ráðningu þeirra að fengnum tillögum forstöðumanna, svo og þá þjónustu, sem unglingaheimilin veita. Þá undirbýr öll stjórnin fjárhagsáætlun hvers árs ásamt forstöðumönnum.

Forstöðumaður ásamt fulltrúa starfsmanna situr fundi stjórnarinnar með mál-frelsi og tillögurétti.

Aðalstjórn sendi ráðuneytinu árlega skýrslu um störf heimilanna og framhalds-aðstoð við unglunga.

#### 4. gr.

Unglingaheimili ríkisins greinast eftir stafsemi og aðsetursstað sem hér segir:

##### 1. Unglingaheimili á Reykjavíkursvæði.

a) Lokuð deild til skammvistunar, þar sem unglingar eru vistaðir til skamms tíma, lengst tveggja vikna í senn. Innan 24 klst. frá vistun unglings á skammtímadeild skal liggja fyrir ákvörðun barnaverndarnefndar eða annarra þar til berra ákvörðunaraðila til áframhaldandi vistunar. Forstöðumaður skal láta kanna aðstæður og aðstoðarþörf þeirra, sem vistaðir eru á deildinni.

Skammtímadeildin er lokuð deild, og eru starfsmenn á vakt allan sólar-hringinn.

b) **Rannsóknar- og uppeldisdeild.** Forráðamönnum unglinga og þeim sem annast unglingana af opinberri hálfu er heimilt að óska vistunar fyrir þá á rannsóknar- og uppeldisdeild, enda liggja fyrir samþykki viðkomandi barnaverndar-yfirvalda. Forstöðumaður heimilisins tekur endanlega ákvörðun um vistun í samráði við vistunaraðila.

Á rannsóknar- og uppeldisdeild skal dvalartími að jafnaði ekki vera lengri en sex mánuðir. Á fyrstu vikum dvalartímans fer fram gagnrýni sálfræðileg, uppeldisfræðileg, læknisfræðileg og félagsleg rannsókn á unglingi og gerð er áætlun um uppeldi og aðra aðstoð og ráðstafanir í samráði við vistunaraðila. Dveljist unglingurinn á heimilinu á skólatíma, er heimilinu skylt að sjá honum fyrir viðeigandi kennslu. Utan skólatíma skal veita honum aðstöðu til þrosk-andi starfa:

2. **Unglingaheimili utan Reykjavíkursvæðis.** Að lokinni rannsókn á vandamálum og aðstæðum unglings og að gerðri áætlun kemur til greina vistun á unglingaheimili utan Reykjavíkursvæðis. Þar skal vistmönnum séð fyrir uppeldi og lög-skipaðri fræðslu, sem sniðin er eftir getu og andlegu ástandi vistmanna. Lögð skal áhersla á þroskavænleg störf svo sem landbúnað, sjávarútveg, iðnað o. s. frv.
3. **Framhaldsaðstoð.** Veitt skal framhaldsaðstoð fyrir þá unglunga, sem dvalist hafa á heimilunum, en teljast ekki lengur þurfa vistunar þar, en þarfnast engu að síður félagslegrar aðstoðar. Í þessu skyni skulu vera til umráða vistunarráði í vernduðu umhverfi.

Forstöðumaður unglingaheimilisins á Reykjavíkursvæðinu skipuleggur og stjórnar framhaldsaðstoð.

#### 5. gr.

Vistun unglings samkvæmt 4. gr. 1. tl.b og 2. tl. lýkur þegar viðkomandi forstöðumaður og forstöðumaður framhaldsaðstoðar svo og vistunaraðili hafa tekið sam-eiginlega ákvörðun um, að vistunar sé ekki lengur þörf. Skal þá gerð skýrsla um dvöl unglings og framfarir, svo og leiðbeiningar um framhaldsaðstoð, ef hennar er talin þörf.

**6. gr.**

Séu unglingsarnir vistaðir af barnaverndaryfirvöldum greiði viðkomandi sveitarfélag daggjöld. Dagggjöld vegna vistana lögreglu greiðist úr ríkissjóði.

Menntamálaráðuneytið ákveður dagggjöld, að fengnum tillögum aðalstjórnar. Höfð skal bliðsjón af dagggjöldum Landspítala.

**7. gr.**

Forstöðumenn unglingsheimilanna eru skipaðir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum stjórnar. Skulu þeim sett erindisbréf. Forstöðumenn skulu hafa sérmenntun á sviði uppeldis og/eða félagsmála.

Við unglingsheimilin skulu starfa eftir því sem fjárveitingar leyfa eftirtaldir sérfræðingar og sérþjálfað starfsfólk: sálfræðingur, geðlæknir, félagsráðgjafi, sérkennarar fyrir unglings með hegðunarvandkvæði og uppeldisfulltrúar. Sérstakar reglur skulu settar um menntunarskilyrði og starfsreynslu uppeldisfulltrúa svo og réttindi þeirra og skyldur. Sama gildir um aðra starfsmenn eftir atvikum. Heimilt er að setja öllum starfsmönnum erindisbréf.

Aðalstjórn ákvarðar hvar sérfræðingar hafa aðalaðsetur, svo og um starfsskyldur þeirra við heimilin á og utan Reykjavíkursvæðisins.

**8. gr.**

Stjórnin hlutast til um, að haldin séu fræðslu- og samstarfsnámskeið fyrir starfsfólk uppeldisheimilanna ekki sjaldnar en einu sinni á ári hverju eftir því sem fjárveitingar leyfa. Starfsfólki er skylt að sækja þessi námskeið.

**9. gr.**

Reglugerð þessi er sett með skírskotun til laga nr. 53/1966 um vernd barna og unglings og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 225/1973 um Skólaheimilið í Breiðavík.

*Menntamálaráðuneytið, 16. febrúar 1978.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Nórusjóð, útgefin á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðherra 26. janúar 1978. Jafnframt fellur úr gildi staðfesting útgefin 14. desember 1977.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Nórusjóð.

**1. gr.**

Sjóðurinn heitir Nórusjóður. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

**2. gr.**

Stofnendur sjóðsins eru félagar í Kattavinafélagi Íslands. Stofnfé er kr. 100 000.00, sem er fyrsta gjöfin í sjóðinn, gefin til minningar um köttinn Nóru.